

Háaleitisskóli



Jafnréttisáætlun

2025 – 2027

Menntun - Mannrækt

Inngangur

Jafnréttisáætlunin nær til kynjajafnréttis meðal starfsfólks og nemenda Háaleitisskóla. Hún er byggð á ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 150/2020, sem tóku gildi þann 6. janúar 2021 og lögum um grunnskóla, lög nr 91 frá 2008. Hún tekur einnig mið af jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar. Markmið áætlunarinnar er að gæta jafnréttis á milli kynja í öllu skólastarfi. Áætlunin markar stefnu og verklag skólans í jafnréttismálum, bæði gagnvart nemendum og starfsfólki, og er ætlað að tryggja að allir njóti jafnræðis í öllu skólastarfi, stjórnun, ráðningum og daglegu starfi. Háaleitisskóli er einnig UNICEF skóli og starfar með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Jafnréttisáætlunin nær til kynjajafnréttis meðal starfsfólks og nemenda Háaleitisskóla. Hún er byggð á ákvæði í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, 150/2020, sem tóku gildi þann 6. janúar 2021. Hún tekur einnig mið af jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar. Markmið áætlunarinnar er að gæta jafnréttis á milli kynja í öllu skólastarfi.

Almennt

Einkunnarorð Háaleitisskóla eru **menntun og mannrækt** og eru þau í hávegum höfð í öllu skólastarfi skólans bæði hjá nemendum og starfsfólki. Konur, karlar og einstaklingar með hlutlausu skráningu kyns (kvár/stálp) eiga að hafa sömu kjör og réttindi en samkvæmt jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar eiga allir að vera jafnir fyrir lögum og njóta sömu mannréttinda. Skólinn hefur sett sér móttökuáætlanir fyrir nýbúa og nýnema, eineltisáætlanir sem taka á eineltismálum og öðrum ofbeldismálum innan skólans og jafnréttisáætlun sem er verkfæri skólans við að gæta jafnréttis. Skólinn leggur mikla áherslu á einstaklingsmiðað nám til að koma á móts við þarfir hvers og eins ásamt því að leggja áherslu á jafnréttisfræðslu á öllum skólastigum. Þá er lögð áhersla á að gera skólann aðgengilegan fyrir alla nemendur. Í skólanum eru starfrækt námsver sem sinnir móttöku nemenda sem eru nýkomnir til landsins, námsver fyrir íslensku sem annað tungumál og þrjú námsver sem sinna kennslu barna með stuðningsþarfir sem betra er að sinna í minni hópum. Í Háaleitisskóla er unnið eftir uppeldisaðferðinni heildstæður stuðningur við jákvæða hegðun (PBS) sem samræmir væntingar til nemenda og starfsfólks. Einkunnarorð PBS eru **ábyrgð - samvinna - tillíssemi**. Menntun og mannrækt er grunnur að öllu skólastarfi skólans fyrir starfsfólk og nemendur, þar sem allir njóta mannréttinda óháð uppruna, þjóðerni, litarhætti, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, kynferði, kynhneigð, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar og/eða annarrar stöðu.

Ábyrgð

Skólastjórnendur bera ábyrgð á jafnréttismálum skólans. Deildarstjóri stoðþjónustu sér um að gera jafnréttisáætlun og hafa umsjón með framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun hennar.

- að fylgja eftir að unnið sé samkvæmt jafnréttisáætlun skólans.
- endurskoða jafnréttisáætlun skólans árlega og gera viðeigandi breytingar.
- taka saman gögn sem unnið er að samkvæmt áætluninni. Og gera umbætur sé þess er þörf.
- fylgjast með breytingum sem verða á lögum og reglugerðum um jafnréttismál.

Starfsfólk

Laus störf, starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun

Þegar störf eru auglýst skal hafa í huga að leitað er að hæfasta einstaklingum í starfið, óháð kyni. Mikilvægt er að farið sé í einu og öllu eftir jafnréttislögum varðandi ráðningar í störf. Í Háaleitisskóla er meirihluti starfsfólks konur og reynt verður að jafna þennan kynjamun við nýráðningar starfsfólks ef mögulegt er. Í skólastarfinu skal þess gætt að allt starfsfólk fái notið starfsþjálfunar, endurmenntunar og símenntunar óháð kyni. Stjórnendur munu leitast við að hvetja starfsfólk, óháð kyni, til þess að efla hæfni sína með starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun.

Launajafnrétti

Konur, karlar og kvár eiga að fá sömu laun fyrir sömu vinnu. Ef kynbundinn launamunur kemur í ljós við endurskoðun jafnréttisáætlunar Reykjanesbæjar eða jafnréttisáætlunar Háaleitisskóla, skal jafna hann hið fyrsta.

- **Aðgerð:** Samkvæmt jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar er gerð athugun á launum starfsfólks með áherslu á jafnrétti. Komi upp misræmi á launum verður leitast við að leiðrétta það hið fyrsta.
- **Ábyrgð:** Mannauðsstjóri Reykjanesbæjar.
- **Tímarammi:** Apríl ár hvert

Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Samkvæmt 13.gr jafnréttislaga 150/2020 um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs, skal þess gætt að komið sé til móts við óskir og þarfir starfsmanna varðandi sveigjanleika svo að starfsfólk geti sinnt skyldum sínum í starfi og einkalífi. Mjög mikilvægt er að gott jafnvægi sé á milli fjölskyldulífs og vinnustaðar starfsfólks, það eykur starfsánægju og vellíðan og kemur í veg fyrir kulnun í starfi.

- **Aðgerð:** Þess skal gætt að taka tillit til þarfa starfsfólks og grípa til aðgerða sé þörf á.
- **Ábyrgð:** Skólastjóri og starfsmenn.
- **Tímarammi:** Unnið er að markmiðinu allt árið og staða athuguð í starfsmannaviðtölum ár hvert og við gerð innra mats.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana, félagasamtaka og íþrótta- og æskulýðsfélaga skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og notendur þjónustu verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, í stofnun, félagsstarfi eða skólum.

Kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin. Samkvæmt 2. gr. jafnréttislaga 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir:

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Allt starfsfólk er upplýst um rétt sinn, ábyrgð og leiðir ef upp kemur kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni eða kynbundið ofbeldi á vinnustaðnum.

- **Aðgerð:** Allar tilkynningar eru rannsakaðar í samræmi við lög.
- **Ábyrgð:** Stjórnendur með aðstoð bæjaryfirvalda. Ef yfirmaður er kærður vegna ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir, samkv. 14. gr jafnréttislaga 150/2020.
- **Tímarammi:** Um leið og mál kemur upp skal bregðast við.

Nemendur

Nemandinn sem einstaklingur

Þess skal gætt í öllum starfsháttum að nemendum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis og orðræða starfsfólks skal taka mið af því. Lögð skal áhersla á að nemendur læri að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Kennsluaðferðir eða námsgögn mega ekki mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms.

- **Aðgerð:** Kennarar sjá til þess að nemendur fái kennslu við hæfi.
- **Ábyrgð:** Skólastjórnendur og kennarar.
- **Tímarammi:** Allt skólaárið.

Kynbundin mismunun er ekki liðin. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna verða höfð að leiðarljósi í skólastarfinu og leitast verður við að mæta þörfum stúlkna, drengja og stálpa.

Í 15. gr. laga 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna segir:

Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi, þar á meðal á frístundaheimilum og í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

Á öllum skólastigum skulu nemendur hljóta jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks. Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað. Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni. Efla skal rannsóknir á stöðu kynjanna í íslensku samfélagi, jafnt fræðilegar grunnrannsóknir sem hagnýtar rannsóknir, og miðla niðurstöðum þeirra markvisst innan skólakerfisins og til fjölmiðla.

Menntun og skólastarf

Unnið verður samkvæmt markmiðum Aðalnámskrá grunnskóla um jafnréttismál og einn af sex grunnþáttum menntunar, **jafnrétti**, hafður í öndvegi í skólastarfinu. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir

Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 17).

Í skólanum fer reglulega fram innra mat á skólastarfinu. Matið fer fram með starfsmannasamtölum, könnunum bæði meðal starfsmanna og nemenda, foreldrakönnunum og fleiru. Með þessum könnunum gefst gott tækifæri til að meta stöðu jafnréttismála í skólanum. Mikilvægt er að nemendur og starfsfólk hafi jafnan rétt til að hafa áhrif á skólastarfið og er leitast við af fremsta megni að tryggja það.

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir:

Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis. Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra þeirra í stafrófsröð: Aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni, þjóðerni. Á öllum skólastigum á að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks (Aðalnámskrá grunnskóla, bls. 22).

Háaleitisskóli leitast við að vinna gegn hvers kyns misrétti og tekin er afdráttarlaus afstaða gegn hvers kyns ofbeldi og kúgun. Fræðsla um jafnrétti og mannréttindi er hluti af skólastarfinu og

kemur við allt skólastarf. Skólinn er réttindaskóli UNICEF og leitast við að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu skóla- og frístundastarf sem styður við jafnréttismenningu í skólastarfi.

Jafnréttismenntun fer fram á öllum skólastigum og leitast er við að samþætta hana með sem flestum námsgreinum. Sérstaklega er fjallað um jafnrétti í samfélagsgreinum, lífsleikni og íslensku en ávallt er haft að leiðarljósi að alæfa ekki um ákveðinn hóp einstaklinga, hvorki í máli né myndum og forðast staðalímyndir.

Náms- og starfsfræðsla miðar að því að kynna möguleika á framhaldsmenntun og störfum óháð kyni. Leggja skal jafna áherslu á að undirbúa alla einstaklinga undir ábyrgð og skyldur einkalífs og fjölskyldulífs, félagslífs og atvinnulíf.

Kennsla og námsgögn

Kennsla og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að einstaklingum og/eða hópum sé ekki mismunað. Þess skal gætt að nota ekki námsefni sem ýtir yndir kynjamismunun eða stöðlun kynhlutverka.

Allir nemendur fá jafnréttis- og kynjafræðslu við hæfi. Kennt er um um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks á öllum skólastigum í samræmi við 15. gr. jafnréttislaga 150/2020.

- **Aðgerð:** Stjórnendur sjá til þess að farið sé yfir skólanámskrá og kennsluáætlanir til að kanna hvort tekið sé jafnt tillit til kynjanna. Mikilvægt er að rýna kennsluefni vel með tilliti til staðalímynda.
- **Ábyrgð:** Skólastjóri og kennarar.
- **Tímarammi:** Á hverju skólaári.

Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og kynbundið ofbeldi

Nemendur fá fræðslu um kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og kynbundið ofbeldi. Nemendum verði alltaf ljóst hvert þeir geti leitað eftir aðstoð komi slík mál upp hvort sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsfólks. Fræðsla til nemenda um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna verði samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá

Háaleitisskóla. Á hverju hausti verður farið yfir það með nemendum skólans hvað getur falist í kynbundnu og kynferðislegri áreitni og kynbundnu ofbeldi í samskiptum. Nemendum verði kynnt hvert þeir geti leitað.

- **Aðgerð:** Kennarar sjá um fræðslu til nemenda. Við allar ráðningar starfsmanna í skólann er skimað gegn kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Sóttar eru upplýsingar í sakaskrá. Allar tilkynningar um ofbeldi gegn nemendum eru tilkynntar til barnaverndar Reykjanesbæjar. Allt starfsfólk situr námskeið Barna- og fjölskyldustofu um kynferðisofbeldi og kynferðisleg hegðun barna og unglunga.
- **Ábyrgð:** Skólastjóri og kennarar.
- **Tímarammi:** Jafnt og þétt yfir skólaárið

Samskipti við foreldra/forráðamenn

Starfsfólk skólans þarf að vera meðvitað í samskiptum við foreldra/forráðamenn og gæta þess að útiloka ekki annað foreldri/forráðamann á grundvelli kyns. Mikilvægt er að litið sé á alla foreldra og forráðamenn sem jafngild í foreldrasamstarfi.

- **Aðgerð:** Í samskiptum við heimili sé þess gætt að báðir foreldrar séu jafngildir í samstarfi við skólann.
- **Ábyrgð:** Stjórnendur og starfsmenn skólans.
- **Tímarammi:** Þegar það á við og samkvæmt jafnréttisáætlun skólans.

Framkvæmdaáætlun – Jafnréttisáætlunar Háaleitisskóla 2025-2027

Tímasetning	Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Lokið
Ágúst/september ár hvert	Öll kennslu- og námsgögn skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.	Kennarar velja námsefni við hæfi.	Kennarar.	Allt árið.
Allt skólaárið	Á öllum skólastigum: jafnréttis- og kynjafræðsla við hæfi þar sem m.a. er kennt um kynjaðar staðalímyndir, kynbundið náms- og starfsval og málefni fatlaðs fólks og hinsegin fólks.	Jafnréttis- og kynjafræðsla á öllum skólastigum.	Umsjónarkennarar, kennarar samfélagsfræðigreina og lífsleikni. Forvarnarteymi. Náms- og starfsráðgjafi.	Skólalok ár hvert.
Ágúst-september ár hvert	Samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi.	Gerð kennsluáætlanna að hausti	Kennarar	Október ár hvert
		Stefnumótun og áætlanagerð	Stjórnendur	Allt árið
Allt skólaárið	Í náms- og starfsfræðslu og við ráðgjöf í skólum skulu nemendur hljóta fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf, óháð kyni.	Náms og starfsfræðsla	Náms- og starfsráðgjafi	Allt árið
Nóvember ár hvert	Jafnréttisáætlun skólans kynnt fyrir starfsfólki.	Jafnréttisáætlun kynnt á starfsmannafundi og bent á hvar hún er aðgeng öllu starfsfólki.	Skólastjórnendur Trúnaðarmenn starfsfólks.	Nóvember ár hvert
Október til maí ár hvert	Að kanna meðal starfsfólks upplifun þess varðandi einelti og kynbundna áreitni	Í starfsmanna-samtölum og moodup starfsmannakönnun 4 sinnum á ári.	Skólastjórnendur	Maí ár hvert

Jafnréttisáætlun Háaleitisskóla skólaárið 2025 -2027

Á hverju skólaári	Starfsfólki standi til boða fræðsla um jafnréttismál	Á starfsmanna-fundi	Skólastjórnendur Trúnaðarmenn starfsfólks	Að vori
Allt árið	Að laus störf standi opin öllum kynjum.	Öll kyn hvött til að sækja um laus störf.	Stjórnendur	Allt árið
	Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum.	Mannauðsstjóri Reykjanesbæjar	
	Að starfsþjálfun, endurmenntun og símenntun sé aðgengileg öllum kynjum.	Árleg greining á sókn kynjanna í sambærilegum störfum í endurmenntun og starfsþjálfun.	Stjórnendur, mannauðsstjóri	
Allt árið	Jafnvægi starfs og einkalífs.	Þess skal gætt að taka tillit til þarfa starfsfólks og grípa til aðgerða sé þörf á.	Stjórnendur Starfsmenn	Allt árið
	Unnið gegn óútskýrðum launamun að ræða milli kynja	Gerð verður athugun á launum starfsmanna með áherslu á jafnan rétt kynjanna	Skólastjórnendur Mannauðsstjóri	Apríl ár hvert
September 2027	Endurskoðun jafnréttis-áætlunar og framkvæmdaráætlunar.	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannanna.	Deildarstjóri stoðþjónustu.	Nóvember 2027

Endurskoðun

Jafnréttisáætlun og framkvæmdaráætlun hennar er endurskoðuð annað hvert ár.

Jafnréttisáætlun Háaleitisskóla byggir á :

- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008
- Lögum um jafna rétt og jafna stöðu kynjanna nr. 150/2020
- Aðalnámskrá grunnskóla, 2011
<https://adalnamskra.is/>
- Ritroð um grunnþætti menntunar, Jafnrétti, 2013
- Skólanámskrá Háaleitisskóla
- Stefna Reykjaneshæjar í krafti fjölbreytileikans, 2020 - 2030
https://www.reykjaneshjaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/samthykkt-stefna_uppfaert-utlit_25feb2020.pdf
- Menntastefna Reykjaneshæjar 2021 - 2030
https://www.reykjaneshjaer.is/static/files/pdf_umsoknir/fraedslusvid/Stefnur/menntastefnarnb-mars2022.pdf
- Jafnréttisáætlun Reykjaneshæjar 2019-2023
<https://www.reykjaneshjaer.is/static/files/Fundargerdir/baejarrad/2019/nov19/1245/05-jafnrettisaaetlun-reykjaneshjaer-2019-2023.pdf>
- Starfsmannastefna Reykjaneshæjar undir hagnýtar upplýsingar þar sem er að finna:
https://www.reykjaneshjaer.is/static/files/pdf_skjol_allir/starfsmannastefnareykjaneshjaer_nyrri.pdf
- Áætlun gegn einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni
- Leiðbeinandi gátlisti vegna tilkynningar um einelti eða áreitni
- Einelti og kynferðislegt áreitni á vinnustöðum- forvarnir og viðbrögð
- Tilkynning um einelti, kynbundna eða kynferðislega áreitni.
- Stjórnarráð Íslands: reglur um jafnlaunavottun:
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/jafnretti/jafnlaunavottun/>
- Útg. Jafnréttisstofu, leiðbeiningar við gerð jafnréttisáætlunar, sjá www.jafnretti.is